

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025,
Sléttuhlíð - textabreyting.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í breytingu á texta í greinargerð, kafli 2.2.10, Svæði fyrir frístundabyggð. Í breytingunni felst að heimilt verður að bæta við takmörkuðum fjölda frístundahúsa innan 230 ha frístundabyggðasvæðis í Sléttuhlíð. Gert er ráð fyrir að þéttleiki byggðar geti verið allt að 1 hús á hverja 5 hektara.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2010